

Námsstefna um jafnréttisstarf í skólum



Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* boðar til námsstefnu þriðjudaginn 26. maí kl. 13:30 í Salnum í Kópavogi

Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* er samstarfsverkefni Jafnréttisstofu, Félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Hafnarfjarðarbæjar, Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar, Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar. Menntamálaráðuneytið styður verkefnið og leggur framkvæmd þess lið ásamt Jafnréttisráði og fjölmörgum styrktaraðilum. Þátttökusveitarfélögin fimm tilnefndu öll einn leikskóla og einn grunnskóla til að sinna tilraunaverkefnum á sviði jafnréttismála skólaárið 2008–2009. Á námsstefnunni kynna fulltrúar skólanna verkefni sem nýst geta til jafnréttisstarfs í skólum. Nánari upplýsingar um þróunarverkefnið má finna á slóðinni www.jafnrettiiskolum.is

Dagskrá

- 13:30 – 13:45** Tónlistaratriði frá leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði
- 13:45 – 14:00** Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra setur námsstefnuna
- 14:00 – 14:15** Louise Windfeldt, höfundur barnabókarinnar *Den dag da Rikke var Rasmus* og *Den dag da Frederik var Frida* kynnir bókina og tilurð hennar
- 14:15 – 15:10** Kynningar á jafnréttisstarfi í leikskólum
- 15:10 – 15:40** Kaffihlé / kynningarbásar og veggspjöld
- 15:40 – 16:30** Kynningar á jafnréttisstarfi í grunnskólum
- 16:30 – 16:45** Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor fer yfir niðurstöður faghóps verkefnisins
- 16:45 – 17:00** Kristín Ástgeirsdóttir slítur námsstefnunni og veitir viðurkenningar fyrir teikni- og ljóðasamkeppni Jafnréttisstofu og Eymundsson

Námsstefnan er kjörinn vettvangur fyrir alla þá sem vilja fræðast um jafnrétti í skólastarfi. Hún er öllum opin og eru skólastjórnendur, kennarar, foreldrar, fulltrúar fræðslunefnda, fulltrúar jafnréttisnefnda, starfsmenn skólaskrifstofa, sveitarstjórnarmenn og stjórnmalamenn sérstaklega hvattir til að mæta.



Arnfríður Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu veitir frekari upplýsingar
arnfridur@jafnretti.is sími 460-6200 / 899-3480